

BMF-2015-03 Flygilvinir í Breiðdal

Lengi hefur það staðið tónlistarlífi í Breiðdal fyrir þrifum að í sveitarfélaginu hefur ekki verið til gott hljóðfæri til fyrsta flokks tónlistarflutnings. Eftir að Byggðastofnun stóð að byggingu fullkomins rástefnu-, veitinga- og tónlistarsals, sem stofnunin á, en leigir til Hótel Bláfells á Breiðdalsvík vaknaði sú hugmynd að nauðsynlegt væri að fá flygil í húsið til að geta boðið upp á tónlistarflutning í hæsta gæðaflokki. Í ljós hefur komið að hljómburður í húsinu er mjög góður og ýtti það enn frekar undir hugmyndina um að kaupa flygil. Stofnuð hafa verið grasrótarsamtök, Flygilvinir í Breiðdal, og er markmið samtakanna eitt, að festa kaup á flygli sem yrði staðsettur í áðurnefndum tónlistarsal, en hópurinn færði öllum Breiðdælingum flygilinn að gjöf. Flygilvinir í Breiðdal í samvinnu við Hótel Bláfell ber ábyrgð á hljóðfærinu og umsjón þess.

Verkefninu var úthlutað 900.000 kr. árið 2015.